



Mikið var lagt í Hallartónleikana og flutt inn hljómtæki og ljósabúnaður fyrir milljónir króna. Herma heimildir að hljóðkerfið hafi verið 25 kW og ljósakerfið 150 kW. Ekki virtist þó nóg að hafa flott tæki, því stjórn á þeim var öll í molum framan af og ekki fyrr en með tveimur síðustu sveitum kvöldsins, Sálinni og Sykurmolunum, að hægt var að tala um að hljóð væri í jafnvægi og ljósakerfið góða notað af viti.

Hljómsveitirnar komu hver úr sinni áttinni eins og sjá má af upptalningunni hér að framan,

Safnað fyrir rokkskógi

Rokkskógartónleikar voru haldnir víða um land sl. föstudag og laugardag. Léku þá ýmsir tónlistarmenn og söfnuðu fé til Rokkskógarátaksins, en í Reykjavík voru haldnir tónleikar átta hljómsveita í Laugardalshöll.

Aðsókn á tónleikana var þokkaleg, en þó ekki eins og björtustu vonir stóðu til, en talið er að um 3.000 ungmenni hafi lagt leið sína í Höllina til að hlýða á sveitirnar átta, Todmobile, Botlegs, Rísaeðluna, Bubba Mortens, Síðan skein sól, Megas, Sálina hans Jóns míns og Sykurmolana. Fóru tónleikarnir vel fram þó nokkuð hafi verið um ölvun og þau leiðindi sem henni fylgir.



Morgunblaðið/Ragnar Axelsson

gáfumannapopp, þungarokk, gleðipopp, nýbylgja, og tónlistin féll í misjafnan jarðveg. Mesta hrifningu vakti sá sem minnstan viðbúnað hafði; Bubbi Morthens kom fram einn með gítarinn og skaut öllum öðrum sveitum kvöldsins ref fyrir rass. Kunnur áheyrendur öll lögin og sungu og æptu fullum hálsi utan síðasta lagið, gamalt lag frá Richie Havens sem margir þekkja frá Woodstock, Freedom. Sú sveit sem á eftir kom var ekki öfundsverð.

Á milli atriða skemmti leikflokkur prýðilega og einnig komu fram Siggí Björns, G.G. Gunn og fleiri.

Árni Matthíasson

Bubbi tryllir lýðinn.

Kjarvalsstaðir:

Yfirlitssýning á höggmyndalist

YFIRLITSSÝNING á íslenski höggmyndalist fram til ársins 1950 stendur yfir á Kjarvalsstöðum í öllu húsinu um helgina 23.-24. júní.

Á sýningunni eru verk eftir Einar Jónsson, Asmund Sveinsson, Sigurjón Ólafsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Guðmund frá Miðdal, Ríkharð Jónsson, Magnús Á. Arnason, Nínu Sæmundsson og Martein Guðmundsson.

Sýningin er framlag Kjarvalsstaða til Listahátíðar í Reykjavík 1990. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 11.00-18.00 og er veitingabúðin opin á sama tíma.



AXIS
Fataskápar




góðir

ódyrir

íslenskir

Axis Húsgögn hf.,
Smíðjuvegi 9,
sími 43500.



GIH

ÁLKLÆÐNINGAR

HÚSID FÆR NÝJAN OG FALLEGRI SVIP — ALLT VIÐHALD ÚR SÖGUNNI

- Amerískt ALSIDE gæðaál í mörgum litum.
- 12 ára góð reynsla héraðs.
- Hagstætt verð.

12 ára reynsla héraðs


Allar nánari upplýsingar




KJÖLUR hf.

ARMÚLA 30 S: 678890 - 678891


SIEMENS



Sjónvarpstæki



Sjónvarpsmyndavélar



Hljómtækjasamstæður



Ferðaviðtæki



Útvarpsveklarar

Gæðatæki fyrir þig og þína!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 - Sími 28300